Vor við flóann

Texti: Jón Sigurðsson

Lag: Leon René

Senn fer vorið á vængjum yfir flóann,
vaknar allt af vetrarblund, um völl og hlíð.
Blómin spretta úr jörð og litla lóan
ljóðar glatt og leikur dátt sín lögin blíð.
Um hin kyrru ljúfu kvöld
er hvíslað létt í skóg
hin ástarljúfu orð
er angar döggin á grein.
Senn fer vorið á vængjum yfir flóann,
vaknar allt af vetrarblund, um völl og hlíð.

Höfundaskráning: https://www.ruv.is/utvarp/spila/mannlegi-thatturinn/23616/biq4qo

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.